



Stjórnarfundur hestamannafélagsins Fáks í Guðmundarstofu 11. mars 2024 klukkan 17:00.

Mættir: Hjörtur Bergstað, Þormóður Skorri Steingrímsson, Sigrún Valdimarsdóttir, Vigdís Matthíasdóttir og Einar Gíslason.

1. Útilýsing á auglýsingaaðila reiðhallarinnar

Kynnt er tilboð frá Rafmiðlun til að leggja fyrir og setja upp lýsingu á skiltin á suðurgafli reiðhallarinnar.

Stjórn samþykkir tilboðið samhljóða.

2. Vinna við lýsingu í veislusal reiðhallarinnar

Kynnt er tilboð frá verktaka um að skipta um perur og dimmera í veislusalnum í reiðhöllinni.

Formaður kannar hvort til sé viðhaldsfé í þennan lið hjá Reykjavíkurborg.

3. Starfsmannamál fyrir sumarið.

Framkvæmdastjóri leggur til að tveir starfsmenn verði ráðnir til að sinna svæðinu og undirbúningi fyrir Landsmót auk þess að ganga frá eftir mót. Helstu verkefni þeirra væru:

- a. Sláttur á svæðinu
- b. Háþrýstipvo í reiðhöllinni
- c. Sinna keppnisvöllum
- d. Grysja tré
- e. Mála:
 - i. Batta reiðhöll
 - ii. Fótaskoðunargám
 - iii. Timburverk kynbótavelli
 - iv. Félagsheimili

Framkvæmdastjóri fær heimild til að auglýsa eftir starfsmönnum fyrir sumarið. Ráðning starfsmanna er háð samþykki stjórnar.

4. Hvammsvöllur – Bönd og staurar

Ráðast þarf í viðhald á staurum og böndum á Hvammsvelli eftir að skipt var um efni í haust. Stefnt er að því að klára þá vinnu í apríl.

5. Félagshesthúsið frágangur klæðningar.

Skipt var um klæðningu á félagsheshúsi á þeirri hlið sem snýr út í gerði í janúar. Blikksmiður lauk svo við að loka klæðningunni og setja lista við glugga svo hestarnir geta ekki lengur nagað þá.

Framkvæmdastjóra er falið að leita tilboða um að skipta um timburklæðningu á norðurgafli félagsheshússins og regnvatnsrennur.



6. Innrétting í veitingasölu í anddyri.

Í árlegum úttektum heilbrigðiseftirlitsins hefur ítrekað verið gerðar athugasemdir við aðstöðuleysi í veitingasölu í anddyri. Aðstaðan sé ekki til þess fallin að þar sé verið að meðhöndla matvæli.

Úr skýrslu heilbrigðisfulltrúa:

*Hitastig var tekið af kæli og mældist innan marka reglugerðar nr. 506/2010 sem segir að hitastig kælivara skal vera 0-4°C. Innra eftirlit með hitastigi kælis ekki til staðar. **Frávik. Ítrekun.** Í rými inn af sjoppu er vaskur með hreinlætisgögnum. Ekki er annar vaskur í sjoppu. Ekki er leyfilegt að nota sama vask sem handlaug og skolvask eða matvælavask.*

Frávik. Ítrekun. Í geymslu inn af sjoppu eru geymd matvæli, einnota umbúðir utan um matvæla ásamt ýmsu öðru sem er ekki tengt matvælastarfsemi. Bæta þarf umgengni í geymslunni. Ábending. Matvæli skal geyma á hreinum stað.

Gerð er tillaga um að panta innréttingu út IKEA og setja upp fyrir Landsmót þar sem aðstaða starfsmanna mótsins verður á þessu svæði í anddyrinu. Þá myndi ný innrétting nýtast árið um kring á mótum og viðburðum sem haldnir eru í reiðhöllinni.

Framkvæmdastjóra er falið að gera kostnaðaráætlun.

7. Akstur á hringvelli og reiðvegum

Slys varð í síðstu viku á stóra hringvellingnum þegar bifreið var ekið á vellingum og hestur fældis. Stjórn ítrekar að farið sé eftir þeim reglum sem um völlinn gilda. Að öðrum kosti mun stjórn loka vellingum fyrir allri umferð ökutækja.

8. Íslandsmót

Áhugasamir aðilar hafa haft samband við formann um að þeir halda Íslandsmót í Fákí síðustu helgina í júlí í sumar. Enginn hefur sótt um að halda mótið nema LM 2024 og fá að halda það samhliða Landsmóti. Var því hafnað af stjórn LH í haust.

Stjórn er tilbúin til viðræðna við hópinn. Formanni er falið að ræða við hópinn varðandi útfærslu á framkvæmd mótsins.

9. Startbásar

Startbásar félagsins eru orðnir nokkuð slitnir. Áhugamenn um kappreiðar komu að máli við formanninn um að kaupa nýja startbása erlendis frá sem eru nútímalegir og þannig gerðir að auðvelt er að flytja þá með tækjum sem Fákur hefur aðgang að. Formaður hefur fengið kostnaðaráætlun kynnta og eru önnur félög einnig að huga að þessum kaupum.

Stjórn samþykkir samhliða að kaupa startboxin.

Fundi slitið 18:10.

Fundargerð ritaði Einar Gíslason